

## Fundargerð 21. maí 2015

**Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.00**

Málsnúmer: 1401008

**Mætt:** Vilhjálmur Egilsson rektor, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara (í fjarsambandi), Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Einar Svansson varafulltrúi kennara, Guðjón Freyr Gunnarsson varafulltrúi grunnema.

**Áheyrnarfulltrúar:** Jónas Halldór Sigurðsson fulltrúi Íbúaráðs, Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

**Fjarverandi:** Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri, Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara, Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor.

Fundargerð ritaði Halla Tinna Arnardóttir.

### Dagskrá

- Fundargerð 161. fundar.** Samþykkt.
- Fjárhagsmálefni skólans**

Hafsteinn Sæmundsson fór yfir ársreikning síðasta árs í stuttu máli. Skýrði frá tapi á rekstri sem stafaði af breytingum á ríkisframlagi, afskrifuðum skuldum í samræmi við breyttar áherslur í innheimtumálum (þ.e. nýjar afskriftarreglur) og svo öðrum smærri þáttum. Unnið að endurfjármögnun í skuldum skólans og mun það laga lausafjástöðu skólans ef það gengur eftir um mánaðarmót júní-júlí. Í framhaldinu eru góðar horfur í rekstrinum árin 2016 og 2017 ef áætlanir um aukin nemendafjölda ganga eftir.
- Staða umsókna fyrir haustönn**

Vilhjálmur fór yfir umsóknartölur fyrir næsta skólaár. Staða umsókna í háskóladeildirnar með ágætum en fer hægt af stað í Háskólagátt.
- Gæðamál**

Gæðastjóri greindi frá því að enn væri beðið eftir viðbrögðum gæðanefndarinnar við andmælum rektors skólans vegna bráðabirgðaálits gæðanefndarinnar. Óí sýndi samanburðartölur háskóla á Íslandi fyrir árið 2013 og þar kom fram að HB er í þriðja sæti af sjö yfir úttekt menntamálaráðuneytisins yfir fjármagn sem varið er til kennslu og rannsókna af heildarútgjöldum. Aðeins HÍ og HA með herra hlutfall. Þá er HB með lægsta hlutfallið sem varið er í húsnæðiskostnað af heildartekjum.

Formaður úttektarnefndarinnar hefur mótttekið athugasemdir rektors og sagt að þær verði teknar fyrir. Framhaldið fer eftir því hvað gæðanefndin gerir næst. Óí telur skólann hafa staðist gæðamatið enda fjallað með jákvæðum hætti um nám, kennslu og nemendapáttinn. Séu hinar neikvæðu athugasemdir varðandi fjármálin og sameiningu teknar út eru aðrar athugasemdir léttvægari og ekki ástæða til þess að lækka einkunn skólans.

Ef niðurstaðan er eins og fyrsta bréf úttektarnefndarinnar gefur til kynna þá verður útbúin umbótaáætlun þar sem tekin væru fyrir þau atriði sem skólinn hefur yfir að ráða, uppbyggileg gagnrýni sem vel er tekið. Hins vegar verði að skoða vandlega hvort slík umbótaáætlun sé nægileg í ljósi athugasemda um fjármálhliðina.

Vilhjálmur bætti við að þegar væri byrjað að undirbúa möguleg svör og umbótaáætlun vegna lokaniðurstöðunnar sem væntanleg er á næstunni.

Óí fór yfir nokkur atriði sem hann telur mikilvæg að skoðuð verði varðandi skipun, hlutverk og einkunnagjöf gæðanefndarinnar.

#### 5. Sóknarsvið 2016

Vilhjálmur fór yfir stöðu mála.

- Á næsta ári förum við líklega langt með að tvöfalda veltu Símenntunarinnar.
- Lögreglunámið er í skoðun.
- Alþjóðlegur sumarskóli er í kynningu og markaðssetningu, fer af stað sumarið 2016.
- Nýjar hugmyndir til staðar en skoða þarf hvort þróa eigi það sem fyrir er eða breikka sviðið. Það sem helst kemur til greina á næsta ári er samvinna við nýsköpunar-miðstöð Íslands að búa til Framtíðarsetur, myndi þá tengjast þróun náms í nýsköpunar- og frumkvöðlafræði. Í tengslum við þetta hugmyndir netviðskipti. Ekki mörg námskeið sem þyrfti í viðbót. Einar Svansson benti á að nýsköpun væri einn af mælikvörðum sem notaðir væru um allan heim um gæði háskóla.

#### 6. Samrekstur háskóla – staða mála

Vilhjálmur sagði frá stöðunni. Verkefnastjórnin heldur sinn síðasta fund í næstu viku og málið fer til ráðherra sem tekur ákvörðun um hvort og hvernig málinu verður framhaldið.

Vilhjálmur fór yfir áhersluatriði sem hann hefur sett fram á þessum tímavarki og sýndi bréf frá formönnum vinnuhópsins. Vilhjálmur sýndi einnig minnispunkta um mögulegar samsetningar námsbrauta sem unnið var í samráði við Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson. Einnig farið yfir bréf Björns Þorsteinssonar, rektors LBHÍ, um mögulegar aðgerðir vegna LBHÍ hvort sem til sameiningar kemur eður ei. Bréf frá rektor Hóla ekki komið á rafrænu formi en þar eru svipaðar athugasemdir og hjá LBHÍ.

#### 7. Stefnumótunardagur 4. september

Flyst til og verður væntanlega þriðjudaginn, 8. september, í Borgarnesi. Háskólaráðsfulltrúum boðin þátttaka.

#### 8. Ferðapjónusta verslun

Reksturinn farinn af stað og Guðveig Eyglóardóttir tekin við. Samkaup lokar í lok maí. Guðveig ætlar að gera könnun meðal íbúa hvaða vörur íbúar óska eftir. Þjónustutíminn gæti orðið lengri í samræmi við opnunartíma kaffihússins. Bifröst hefur fengið tilboð um að kaupa verslunarhúsnæðið en reiknað með að húsnæðið verði leigt, a.m.k. til að byrja með. Fara þarf



---

yfir hver kostnaðurinn yrði við tvo kennslusali í því húsnæði. Setja á upp hina nýju verslun í næstu viku og Hafsteinn mun áréttta misskilning um að verslunin opni ekki fyrr en 1. júlí.

**9. Rannsóknir í ferðapjónustu**

Vilhjálmur greindi frá því að vinna væri hafin og fer formlega í gang á næstunni. Unnið í samvinnu við HA og rannsóknarmiðstöð ferðamála þar. Mikilvægt að vel takist til.

**10. Önnur mál**

Engin mál voru borin upp undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16.55.

Samþykkt á fundi háskólaráðs 22. júní 2015